

LISTASAFN ÍSLANDS



Svavar Guðnason, Íslandslag, 1944.

ANDSPÆNIS
NÁTTÚRUNNI

05.05. – 02.09.2001





Þórarinn B. Þorláksson, Hvítá, 1903.

NÁTTÚRAN Í ÍSLENSKRI MYNDLIST

Salir 1 og 2

NATÚRALISMI - TÁKNRÆN NÁTTÚRA

Þegar íslensk myndlist frá upphafi 20. aldar er skoðuð ber að hafa í huga að myndlistarhefð á Íslandi er afar ung. Frumkvöðlarnir **Þórarinn B. Þorláksson** (1867–1924) og **Ásgrímur Jónsson** (1876–1958) stunduðu nám í Kaupmannahöfn á síðasta áratug 19. aldar en fyrsta málverkasýning Þórarins í Reykjavík aldamótaárið 1900 var jafnframt fyrsta íslenska listsýningin sem haldin var á Íslandi.

Frumherjarnir höfðu enga innlenda listhefð að byggja á og því var hlutskipti þeirra að finna fótfestu bæði sem einstaklingar, skapandi listamenn og fulltrúar þjóðar sem batt miklar vonir við þá. Það er engin tilviljun að landslag var það myndefni sem fyrstu kynslóðir íslenskra listamanna lögðu mesta áherslu á því náttúra landsins var í hugum aldamótamanna tákn þess sem íslenskt var.

Önnur forsenda landslagsmálverksins var ljóðlistin en ljóð rómantísku skáldanna, sem tvinnuðu saman hástemmdar lýsingar á fegurð landsins, ættjarðarást og framfaravilja, stuðluðu að breyttum náttúruskilningi þjóðarinnar. Mikilvægur grundvöllur fyrir brautargengi landslagsmálverksins var þar með lagður og varð það burðarás íslenskrar málalistar framan af 20. öldinni.

ÞINGVELLIR

Tímabilið frá 1930 til 1944 í sögu Íslands takmarkast annars vegar við Alþingishátíðina á Þingvöllum, sem haldin var í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis, og hins vegar við stofnun lýðveldisins. Á þessu tímabili átti sér stað mikil gerjun í íslensku þjóðfélagi sem breyttist úr aldagömlu bændasamfélagi í vaxandi samfélag borgarmenningar. Breytt lífssýn ól af sér örur breytingar bæði í aukinni tæknivæðingu og velmegun en einnig í harðnandi stéttabaráttu í kjölfar kreppunnar miklu árið 1929 sem leiddi til viðvarandi atvinnuleysis hér á landi.

Hræringarnar kristallast í myndlistinni og þeirri listpólítík sem birtist opinberlega í hatrömmum deilum í dagblöðum landsins og nefnd hefur verið Listamanna-deilan. Hápunkti hennar var náð þegar Jónas frá Hriflu,

þáverandi formaður menntamálaráðs, stillti út í Gefjunargluggann í Aðalstræti sex verkum eftir fimm listamenn í háðungarskyni árið 1942. Sá atburður var í raun endapunkturinn á miklu átakaskeiði í íslenskrí myndlist þar sem alþjóðleg viðhorf tókust á við þjóðleg.

Landslag var yfirgnæfandi myndefni í íslenskrí myndlist á fjórða áratugnum. Í kringum Alþingis-hátíðina 1930 verður mikil vakning í landinu og myndefnið Þingvellir verður eins konar ímynd hátíðarinnar. Jóhannes S. Kjarval (1885–1962), sem löngum hefur verið talinn sérstæðastur frumherjanna, innleiddi nálægðina í íslenska landslagslist um þetta leyti og markaði þar með nýtt skeið á eigin listferli og í íslenskri listasögu. Íslenskt landslag verður í fyrsta sinn nafnlaust og óstaðbundið í málverki þegar Kjarval dregur athyglina að hrjóstrugum jarðveginum, hrauninu, klettunum og lággróðrinum í verkum sínum. Hann lét á frumlegan hátt alþjóðlega strauma í myndlist mæta eigin náttúruskilningi; aðlagði kúbisma íslenska hrauninu sem hann braut niður í smáagnir og með snöggum pensildráttum að hætti impressjónistanna leysti hann upp berg og mosa. Þannig varð myndefnið ápreifanlegt og abstrakt í senn.

ÓHLUTBUNDIN NÁTTÚRUTÚLKUN

Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar verða kaflaskil í íslenskri myndlist samfara stórstígum breytingum á íslensku þjóðfélagi. Hernámið hafði margvísleg áhrif m.a. þau að gera Íslendinga að þjóð sem naut vaxandi velmegunar. Lifnaðarhættir landsmanna tóku stakka-skiptum og á sama tíma varð mikill uppgangur í myndlistarlífi landsins og menningarlífi almennt.

Svavar Guðnason (1909–1988), sem búið hafði í Danmörku um árabil og verið þar virkur þátttakandi í árlegri haustsýningu danskra listamanna, hélt sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík sumarið 1945. Sýningin markar tímamót því samfelld saga íslenskrar abstraktlistar er rakin til hennar. Verk Svavars frá þessu tímabili einkennast af huglægum og tilfinninga-þrungnum abstrakt expressjónisma. Hughrif frá náttúrunni eru kveikjan að upplifun hans og birtast í efnisáferð og birtu litarins.

Kristján Davíðsson (f. 1917), sem stundað hafði nám í Bandaríkjunum á árunum 1945–1947, mótaðist af bandarískum abstrakt expressjónisma eftirstríðsáranna. Kristján átti þátt í að brjóta upp þrönga reglufestu strangflatarmálverksins sem var allsráðandi meðal yngri málara hér um miðbik sjötta áratugarins. Málverk hans hafa einkennst af sjálfsprottinni pensilskrift og óheftu litafláði þar sem líkamleg snerting við léreftið skiptir ekki minna máli en innsæið fyrir sjónrænni reynslu. Abstrakt expressjónismi Kristjáns birtist sem umskrift á hughrifum frá náttúrunni og hugrenningatengslum við náttúruöflin þar sem land mætir hafi, hrauni eða jökli.

Salir 3 og 4

UPPGJÖR

Um miðjan sjöunda áratuginn verða enn þáttaskil þegar hópur róttækra listamanna kemur fram á sjónarsviðið og krefst beinnar og milliliðalausrar skírskotunar til hins félagslega og efnislega veruleika. Kröfur hópsins kölluðu á uppgjör við fagurfræði abstraktlistarinnar þar sem myndlistin varð á vissan hátt jarðbundnari og í

beinu návígi við daglegan veruleika fólks. **Magnús Pálsson** (f. 1929) gekk einna lengst íslensku listamannanna með gifsmyndum sínum og steypumyndum frá seinni hluta sjöunda áratugarins. Í þessum verkum virkjar Magnús tilviljunina í meðvitaðri höfnun fegurðarhugtaksins og gerir afsteypur af „ósýnilegum“ fyrirbærum sem við sjáum í Hanskafjalli frá árinu 1969.

Ný pólitísk vitund sem fylgdi hópnum birtist með sérstökum hætti hjá **Jóni Gunnari Árnasyni** (1931–1989). Hann gerði á þessum tíma skúlptúra og innsetningar sem höfðu bæði kosmískar og vistfræðilegar skírskotanir. Markmið listamannsins með slíkum verkum var að víkka skynjun áhorfandans á rýminu langt út fyrir verkið sjálft, út fyrir veggi sýningar-salarins og jafnvel út fyrir sólkerfið, út í rými óvissu og spennu. Skúlptúr eins og Sólvagninn frá árinu 1978 öðlast þannig óræða stærð þar sem bæði rýmið og maðurinn eru hluti af verkinu.

NÝJA MÁLVERKIÐ

Málverkið sem tjáningarmiðill fékk uppreisn æru á sýningunni Gullströndin andar í JL-húsinu árið 1983. Á þeirri sýningu mátti greina áhrif frá þýsku ný-expressjónistunum en þau hurfu þegar líða tók á áratuginn. Hömlulaus pensilskriftin vék smám saman fyrir úthugsuðu myndmáli sem birtist með ólíkum hætti hjá málurum sömu kynslóðar.

Helgi Þorgils Friðjónsson (f. 1953) var einn helsti frumkvöðull «villta málverksins». Um miðjan níunda áratuginn verður handbragð verka hans fagaðra, notkun myndlíkinga markvissari og verkin vísa í ríkara mæli í evrópska listhefð. Manneskjan er miðpunktur tímalauss paradísarlandslags sem virðist tákna samhljóm manns og náttúru en gæti allt eins verið táknið hugmyndar um firringu mannsins og einmana-leika í nútímanum.

Í málverki **Georgs Guðna** (f. 1961) sjáum við endurnýjun hins rómantíska landslagsmálverks á nýjum forsendum. Náttúrusýn hans mótast af gjörólíku viðhorfi til sjálfs málverksins en hjá frumherjunum. Aginn og einföldunin sem einkennir verk Georgs Guðna gæti jafnvel bent til þess að landslagið sjálft skipti ekki miklu máli, að það sé aðeins átylla. Þó er nær að ætla að einmitt þessi agi lýsi djúpri virðingu fyrir náttúrunni.

LJÓSMYNDIN


Fulltrúar yngstu kynslóðar íslenskra myndlistarmanna á þessari sýningu eru **Ólafur Elíasson** (f. 1967) og **Hrafnkell Sigurðsson** (f. 1963). Þeir nota ljósmyndina til að skapa óbeina sýn á veruleika sem býr handan þess yfirborðs er myndin getur sýnt og kemur skýrt fram í landslagmyndum þeirra. Ljósmyndir Ólafs eru myndbrot af íslensku landslagi eða óbyggðum sem saman gefa ákveðna sýn á náttúru er virðist allt í senn óspillt og manngerð.


LISTAMENN Á SÝNINGUNNI

Ásgerður Búadóttir (f. 1920)
Ásgrímur Jónsson (1876–1958)
Brynhildur Þorgeirsdóttir (f. 1955)
Eggert Pétursson (f. 1956)
Georg Guðni (f. 1961)
Guðrún Einarsdóttir (f. 1957)
Gunnar Örn (f. 1946)
Gunnlaugur Scheving (1904–1972)
Halldór Ásgeirsson (f. 1956)
Helgi Þorgils Friðjónsson (f. 1953)
Hildur Hákonardóttir (f. 1938)
Hrafnkell Sigurðsson (f. 1963)
Hreinn Friðfinnsson (f. 1943)
Hringur Jóhannesson (1932–1996)
Húbert Nói (f. 1961)
Jóhann Briem (1907–1991)
Jóhann Eyfells (f. 1923)
Jóhannes Jóhannesson (1921–1998)
Jóhannes S. Kjarval (1885–1962)
Jón Gunnar Árnason (1931–1989)
Jón Stefánsson (1881–1962)
Júlíana Sveinsdóttir (1889–1966)
Kristján Davíðsson (f. 1917)
Kristján Steingrímur Jónsson (f. 1957)
Magnús Kjartansson (f. 1949)
Magnús Pálsson (f. 1929)
Nína Tryggvadóttir (1913–1968)
Ólafur Elíasson (f. 1967)
Ólafur Lárusson (f. 1951)
Ragna Róbertsdóttir (f. 1945)
Sigurður Guðmundsson (f. 1942)
Sigurður Árni Sigurðsson (f. 1963)
Svavar Guðnason (1909–1988)
Þorbjörg Höskuldsdóttir (f. 1939)
Þorvaldur Skúlason (1906–1984)
Þórarinn B. Þorláksson (1867–1924)

Sýningarstjóri: Ólafur Kvaran

Jóhannes S. Kjarval, Hrafnabjörg II, 1930.





Sigurður Guðmundsson, Landslag (Sun), 1989.



Listasafn Íslands
Frikirkjuvegi 7
Pósthólf 668 • 121 Reykjavík
Sími: 515 9600 • Símbref: 515 9601
Netfang: list@natgall.is
www listasafn.is